

Fundur 18.3.2024 Franskur maður Filipus var uppi um 1560 kirkjunnarmaður.

Góða kvöldið.

Já góða kvöldið og velkominn.

Hafði ég margsinnis á langri æfi minni séð slíkar byggingar sem þessi er, en ekki talað úr þeim áður og eru aðstæður þannig að ekki veit ég hversu löng dvöl mín verður á þessum stað og nýti ég mér það því að komast í sambandið.

Og hef ég frá ýmsu að segja frá æfi minni og hefur dvöl mín ekki verið löng á þessum svæðum hnattarins.

Og erfið skilyrðin að komast í sambandið, þar sem aðstæður eru aðrar og framfara brautin getur verið greið um skeið, en síðan er fallið í gamla farið og gamla valda hvötin lætur til sín taka.

Og aðilar þeir sem mér eru nástaddir og hafa lagt mikið á sig til að bæta sig, fara oft hina sömu leið.

Og er það kannski eitthvað því um að kenna að jarðargæði eru takmörkuð á þessum stað og í geði okkar er þessi gamla hvöt sem við kynntumst á jörðinni.

Og jafnvel á hinum betri stöðum á hnetti þessum, hittum við aftur fyrir þá sem launa ekki fyrir með þakklæti, heldur gera árásir eins og við höfum gert.

Og byrjar þá aftur sama hringrásin, og hef ég þó nokkrum sinnum komist úr þeirri hringrás á þessum hnetti, en það var erfiðara áður.

Er minn gamli lærifaðir og drottari hér fjarri, en höfum við oft fengið fregnir af honum og ekki allar góðar.

En veraldleg eru okkar völd orðin í þessum heimi og höfum við að mestu sagt skilið við gömlu trúarbrögðin, en ekki við Keisaratignir og veraldleg embætti.

Er ég hér staddur á hnettinum þar sem sólarupprásin er nokkuð stöðug og hef ég stundum áður komist á svipaðar slóðir, en ekki hefur það varað lengi.

Og hef ég mikið þráð það í seinni tíð að fara aftur til gömlu jarðarinnar og endur upplifa frumlíf mitt, því ég hef skilið það betur og betur að það var frumlífs jörð og bæta fyrir þær misgjörðir sem þá gerði.

Svo hægt verði að vinda ofan af þessari hringrás.

Hef ég frétt það að margir af þeim sem okkar mikli trúarhöfðingi lét brenna á báli, hafi orðið miklir menn í framlífi sínu og þó var leiðtogi okkar þekktur um öll lönd og er enn þekktur.

Hef ég aldrei komist á hans hnött, en hef ég ýmislegt heyrt af honum og þjónaði bæði í framlífs jörðum og í frumlífi sem kirkjunnar maður undir Kalvín, já það var Kalvín sem ég er að tala um.

Og hef ég nú skilið að ýmislegt hefði mátt fara betur á þeim tíma á jörðunni og er þar upphaf ógæfu minnar.

Hvernig við drottnuðum yfir lýðnum í framlífi og þurftum að gjalda þess síðar og erum ekki að fullu lausir úr þeirri hringrás, en Cervantes og fleiri sem við pyntuðum, hafa veitt okkur hjálp og hefur það leitt okkur til stefnu breytingar og er þó aftur farið í sama farið, þar sem við þurfum að svara árásum sem gerðar eru hér á þessum hnetti.

Og hef ég þó ekki lent á þeim stöðum sem ég þekkti áður svo vel, þar sem enn þá dimmara var og erfiðara um að litast.

Filipus heiti ég og var kirkjunnar maður, nú veraldlegur leiðtogi, upp um 1560 í Frakklandi.

Ætla ég nú að kveðja ykkur og vona að mér gangi betur og ykkur út úr þessu og þakka ég fyrir mig.

*Þakka þér fyrir og blesssaður.*